

Nr. 201/1994.

Miðvikudaginn 20. desember 1995.

**Vátryggingafélag Íslands hf.
Guðbjörg Ingólfssdóttir og
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

(Jakob Möller hrl.)

gegn

Sturlu Hjartarsyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

og gagnsök

Skaðabætur. Bifreiðir. Slysatrygging ökumanns. Líkamstjón. Ör-
orkubætur. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1994, sem birt var 1. júní sama ár. Dómkröfur aðaláfrýjandans Vátryggingafélags Íslands hf. eru þær aðallega, að félagið verði sýknað af öllum kröfum gagnáfrýjanda gegn greiðslu á 250.000 krónum með einföldum ársvöxtum Landsbanka Íslands af almennum sparisjóðsbókum frá 22. janúar 1992 til greiðsludags ásamt innheimtulaunum lögmanns, en til vara, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar að mun. Þá krefst félagið málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendurnir Guðbjörg Ingólfssdóttir og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. krefjast aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en þess til vara, að kröfurnar verði lækkaðar. Einnig krefjast þau málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 14. júní 1994. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmd til þess óskipt að greiða skaða- og miskabætur, að fjárhæð 2.071.960 krónur, með tilgreindum ársvöxtum frá slysdegi 22. nóvember 1990 til 9. febrúar 1992 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann greiðslu á 1.215.280 krónum með sömu vöxtum. Frá tildæmdum fjárhæðum

verði í hvoru tilviki dregnar 256.850 krónur vegna bóta til hans frá Tryggingastofnun ríkisins. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hafa aðilar lagt fram nýja líkindareikninga Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings um örorkutjón áfrýjanda, gerða 29. júní og 1. desember 1995.

I.

Eins og í héraðsdómi greinir, er mál þetta höfðað til greiðslu bóta fyrir líkamstjón, sem gagnáfrýjandi hlaut af árekstri 22. nóvember 1990 á Vesturlandsvegi milli tveggja bifreiða, sem þar voru á ferð úr gagnstæðum áttum. Var gagnáfrýjandi ökumaður annarrar bifreiðarinnar og naut slysatryggingar samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hjá aðaláfrýjandanum Vátryggingafélagi Íslands hf. Óumdeilt er, að ábyrgð á tjóni af árekstrinum samkvæmt 89. gr., sbr. 90. gr., umferðarlaga hvíli á ökumanni og eiganda hinnar bifreiðarinnar, aðaláfrýjandanum Guðbjörgu Ingólfssdóttur og ábyrgðartrygginga hennar samkvæmt 91. gr. laganna, aðaláfrýjandanum Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Viðurkennt er af hálfu aðaláfrýjenda, að gagnáfrýjandi hafi hlotið hálshnykk og baktognun við áreksturinn, en vefengt á hinn bóginn, að afleiðingar meiðslanna hafi orðið þær, sem kröfur hans miðast við. Telja þau tímabundnar afleiðingar slyssins nægilega bættar með tveimur greiðslum, að fjárhæð samtals 220.000 krónur, frá Vátryggingafélagi Íslands hf. 11. febrúar og 26. mars 1991, en þá lá fyrir læknisvottorð þess efnis, að gagnáfrýjandi hefði orðið vinnufær 1. febrúar sama ár. Annað tjón hans yrði að teljast að fullu bætt með þeim 250.000 krónum, sem þessi aðaláfrýjandi hefði boðið honum 22. janúar 1992, enda sé því mótmælt, að slysið hafi haft varanleg áhrif til skerðingar á aflahæfi hans.

Gagnáfrýjandi fékk 25. febrúar 1993 greiddar 256.850 krónur í slysbætur frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

II.

Kröfu sína vegna slyssins setti gagnáfrýjandi fyrst fram í bréfi til Vátryggingafélags Íslands hf. 9. janúar 1992. Var hún byggð á

örorkumati Jónasar Hallgrímssonar lækni 4. nóvember 1991, þar sem tímabundin örorka af völdum slyssins var talin 100% í 4 mánuði, en varanleg örorka 5%. Krafan var studd líkindareikningi Jóns Erlings Þorlákssonar 6. janúar 1992, þar sem tap á vinnutekjum og missir lífeyrisréttinda voru áætluð á grundvelli meðaltekna verkamanna, er þá voru taldar 1.123.900 krónur á ári samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Var tjón gagnáfrýjanda reiknað í hlutfalli við örorku hans á hverjum tíma eftir mati læknisins. Við ákvörðun höfuðstólsverðmætis á slysdegi voru notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands fram að útreikningsdegi, en eftir það 6% vextir og vaxtavextir.

Þessa kröfu lagði gagnáfrýjandi til grundvallar við höfðun máls þessa í héraði í febrúar 1992, og var hún sundurliðuð þannig í greinargerð:

Tímabundið örorkutjón	kr. 372.600
Varanlegt örorkutjón	kr. 834.800
Frádráttur vegna skatthagræðis og eingreiðslu, 15%	<u>kr. 125.220</u> kr. 709.580
Töpuð lífeyrisréttindi	kr. 50.100
Miskabætur	<u>kr. 300.000</u>
	kr. 1.435.280 (?)
Frádregnar innborganir	<u>kr. 220.000</u>
	<u>Samtals kr. 1.215.280 (?)</u>

Gagnáfrýjandi hækkaði síðar kröfu sína með framhaldsstefnu í málinu samkvæmt mati Sigurðar Thorlacius lækni 15. febrúar 1993 á varanlegri örorku hans, er lækinnirinn taldi nema 10%. Voru kröfurnar studdar sama líkindareikningi og áður, en höfuðstóll tvöfaldaður vegna hins nýja örorkumats. Var sundurliðun þeirra eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi.

Í fyrrgreindum líkindareikningi 29. júní 1995, sem gagnáfrýjandi hefur lagt fram, er höfuðstólsverðmæti miðað við 4,5% vexti og vaxtavexti eftir útreikningsdag. Er niðurstaða sú, að verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nemi 2.520.000 krónum miðað við 10% varanlega örorku. Í útreikningi 1. desember 1995, sem aðaláfrýjendur hafa lagt fram, er tjón gagnáfrýjanda áætlað eftir mismunandi

forsendum um varanlega örorku (1,5%, 3%, 5% og 10%) og höfuðstólsverðmæti ýmist miðað við 4,5% eða 6% framtíðarvexti.

Krafa gagnáfrýjanda samkvæmt framhaldsstefnu samsvarar aðalkröfu hans hér fyrir dómi, en upphafleg stefnukrafa varakröfunni. Af hans hálfu er lögð á það áhersla, að líkindareikningurinn 29. júní 1995 sé einungis ætlaður til álita, ef svo færi, að hafnað yrði þeirri undirstöðu þessara krafna, að bætur verði miðaðar við upphaflegan tjónsútreikning og dráttarvexti frá 9. febrúar 1992.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir mati tveggja dómkvaddra manna, Ísaks G. Hallgrímssonar, sérfræðings í orku- og endurhæfingarlækningum, og Davíðs Þórs Björgvinssonar, dósents við laga-deild Háskóla Íslands, á örorku gagnáfrýjanda. Matsgerð þessi er fullgilt sönnunargagn, og hæfi matsmanna til að láta í té álit um það, sem um var spurt, verður ekki dregið í efa, enda sætti dómkvaðning þeirra ekki andmælum af hálfu gagnáfrýjanda. Auk þess að fjalla um læknisfræðilega örorku lögðu þeir mat á fjárhagslega örorku gagnáfrýjanda og töldu hana nema 1,5% varanlega.

Í matsgerð þessari er ýtarlega greint frá högum gagnáfrýjanda og starfsferli hans fyrir og eftir slysið. Kemur fram þar og í öðrum gögnum, að vinnutekjur hans hafi verið stopular og undir þeim meðaltekjum, sem líkindareikningar miðast við. Í aðilaskýrslu fyrir héraðsdómi 24. janúar 1994 lýsti gagnáfrýjandi sjálfur högum sínum og tók fram, að sér hefði ekki tekist að útvega sér fasta vinnu hér á landi, eftir að hann hætti rekstri bónstöðvar sumarið 1992. Hann hefði lokið meiraprófi bifreiðarstjóra vorið 1993, en ekki fengið starf á því sviði. Fram kom við málflutning hér fyrir dómi, að hagir hans væru óbreyttir að þessu leyti.

III.

Í úrlausnum dómstóla um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku hefur almennt verið litið til læknisfræðilegrar örorku og hún höfð til hliðsjónar við ákvörðun örorkubóta. Eigi eru forsendur til að víkja frá þeirri hefðbundnu aðferð, svo sem máli þessu og sönnunargögnum er háttað.

Í málinu hafa þrír læknar lagt mat á varanlega örorku gagnáfrýjanda, þ. e. Jónas Hallgrímsson, er skoðaði hann 1. nóvember 1991, Sigurður Thorlacius, er skoðaði hann 9. febrúar 1993, og Ísak G.

Hallgrímsson, en skoðun hans fór fram 7. maí sama ár. Studdust þeir allir við sömu vottorð slysadeildar Borgarspítala og heilsugæslulæknis um áverka gagnáfrýjanda og heilsufar eftir slysið, en fyrir liggur, að Ísak hafði fyllri gögn en hinir um fyrri sjúkrasögu hans.

Eins og í héraðsdómi greinir, var það niðurstaða Sigurðar Thorlacius, að um væri að ræða einkenni eftir slæman svipuhöggsáverka, og væri varanleg örorka rétt metin 10%. Hins vegar taldi Ísak G. Hallgrímsson áverkann fremur vægan og staðfesti í raun þá niðurstöðu Jónasar Hallgrímssonar, að örorkan væri hæfilega metin 5%. Telja verður ósannað, eins og álitni læknanna er farið, að örorka gagnáfrýjanda sé umfram það, sem niðurstöður þeirra Ísaks og Jónasar gefa til kynna. Samkvæmt því verður það haft til hliðsjónar, að læknisfræðileg örorka af völdum slyssins nemi varanlega 5 af hundraði. Jafnframt verður miðað við fyrrgreinda niðurstöðu Jónasar Hallgrímssonar um tímabundna örorku.

Krafa gagnáfrýjanda vegna tímabundins örorkutjóns er miðuð við meðallaun verkamanna í 4 mánuði. Greiðsla til hans frá Vátryggingafélagi Íslands hf. tók mið af skemmri tíma og verður ekki talin fullnægjandi. Á hinn bóginn hefur gagnáfrýjandi ekki sýnt fram á það, að hann hefði aflað samfelldra vinnutekna á umræddu tímabili, ef slysið hefði ekki borið að höndum. Að öllu athuguðu teljast bætur vegna tímabilsins hæfilega metnar 320.000 krónur. Á gagnáfrýjandi þá óbætt tjón, að fjárhæð 100.000 krónur, samkvæmt þessum kröfufið.

Á það ber að fallast með gagnáfrýjanda, að hafa megi hliðsjón af meðaltekjum verkamanna við mat á bótum fyrir varanlega örorku hans. Fyrir liggur og, að hann hefur til þessa einkum gegnt störfum, sem tengd eru erfiðisvinnu. Ætla verður, að líkur séu á samsvörun milli metinnar örorku og taps í vinnutekjum við störf af þessum toga. Eins og kröfugerð gagnáfrýjanda er háttað, má einnig á það fallast, að tap hans verði metið með hliðsjón af upphaflegum líkindareikningi í málinu, en samkvæmt honum nemur það 834.800 krónum. Að teknu tilliti til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi hennar þykja bætur vegna varanlegrar örorku hæfilega metnar 670.000 krónur. Krafa um bætur fyrir töpuð lífeyrisréttindi, 50.100 krónur, verður tekin til greina. Frá þessum fjárhæðum ber að draga greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins vegna varanlegrar örorku,

256.850 krónur. Óbætt tjón gagnáfrýjanda að þessu leyti nemur þannig 463.250 krónum.

Miskabætur til gagnáfrýjanda eru hæfilega ákveðnar 100.000 krónur.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjendum gert að greiða gagnáfrýjanda óskipt samtals 663.250 krónur (100.000 + 463.250 + 100.000) í bætur fyrir tjón af slysi hans með vöxtum eins og greint er í dómsorði. Verður fallist á það með gagnáfrýjanda með hliðsjón af málavöxtum og ákvæðum 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, að fjárhæðin greiðist með dráttarvöxtum frá 9. febrúar 1992, svo sem hann hefur krafist.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Vátryggingafélag Íslands hf., Guðbjörg Ingólfsdóttir og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði gagnáfrýjanda, Sturlu Hjartarsyni, óskipt 663.250 krónur með ársvöxtum, sem nemi 2,5% frá 22. nóvember 1990 til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7% frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,75% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,5% frá þeim degi til 1. desember sama ár og 3% frá þeim degi til 9. febrúar 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 400.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1994.

Mál þetta höfðaði Sturla Hjartarson, kt. 161065-3079, Ljósvallagötu 14, Reykjavík, með stefnu, dagsettri 6. febrúar 1992, og framhaldsstefnu, dagsettri 1. september 1993, á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, Guðbjörgu Ingólfsdóttur, kt. 190645-2159, Brekkutanga 36, Mosfellsbæ, og Sjóvá-Almennum tryggingum, kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík. Málið var dómtekið 24. janúar sl.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmd til greiðslu óskipt á 2.071.960 krónum með [nánar tilgreindum vöxtum].

Til vara krefst stefnandi greiðslu á 1.215.280 krónum með [vöxtum]. Þá krefst stefnandi málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu og að málskostnaður beri dráttarvexti, er höfuðstólsfærist árlega.

Stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. krefst aðallega sýknu gegn greiðslu á 250.000 krónum með einföldum ársvöxtum Landsbanka Íslands af almennum sparisjóðsbókum frá 22. janúar 1992 til greiðsludags og innheimtulauna skv. gjaldskrá LMFÍ, til vara verulegrar lækkunar stefnukrafna. Þá krefst þessi stefndi aðallega málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður falli niður.

Stefndu Guðbjörg Ingólfssdóttir og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. krefjast aðallega sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar stórlega. Í greinargerð í framhaldssök og við aðalmeðferð málsins kröfðust þessi stefndu jafnframt málskostnaðar.

I.

Stefnandi krefur í máli þessu um skaðabætur vegna áverka, er hann hlaut í árekstri bifreiðanna G-15050 og G-27787 á Vesturlandsvegi skammt norðan afleggjara að Grafarholti 22. nóvember 1990. Stefnandi var ökumaður bifreiðarinnar G-15050 umrætt sinn, en stefnda Guðbjörg var ökumaður og jafnframt eigandi hinnar bifreiðarinnar. Bifreið Guðbjargar var vátryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Vegna bifreiðar stefnanda var í gildi slysaftrygging ökumanns hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf.

Stefndu mótmæla ekki bótaskyldu og hafa ekki uppi mótmæli við tilhögun samlagsaðildar í málinu. Ágreiningur er um fjárhæð bóta, vexti og fleiri atriði.

II.

Áverkum þeim, er stefnandi hlaut umrætt sinn, er lýst rækilega í skjölum málsins. Rétt þykir að taka það orðrétt upp úr skjölunum, sem sýnist skipta máli um niðurstöðu málsins.

Áður en lengra er haldið, er þó rétt að gefa stutt yfirlit. Stefnandi leitaði fyrst á slysadeild Borgarspítalans daginn eftir áreksturinn, 23. nóvember 1990. 4. nóvember 1991 mat Jónas Hallgrímsson læknir örorku hans vera 5% varanlega. Var upphaflegur útreikningur tryggingafræðings og stefnukröfur byggðar á þessu mati. 15. febrúar 1993 endurmat Sigurður Thorlacius læknir örorku stefnanda og taldi hana vera 10% varanlega. Eftir þá matsgerð var framhaldssök höfðuð. Við meðferð málsins voru dómkvaddir matsmenn að kröfu stefndu til að meta áhrif áverkanna á vinnutekjur stefnanda síðar meir, og liggur matsgerð þeirra frammi.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar segir m. a.:

„Sturla hlaut svipuólaráverka og tognun í brjóstbaki við þetta slys. Hann hefur nú, tæpu ári eftir slysið, ennþá nokkur, en væg einkenni eftir svipuólaráverkann og álagsverki einnig innan við vinstra herðablað. Hefur hann misst vinnu vegna þess.

Með tilliti til þess tíma, sem nú er liðinn frá slysinu, verður að telja, að hér sé um varanlegt ástand að ræða og að hann muni þurfa að hlífa sér eitt-hvað og sennilega verða frá vinnu stöku sinnum vegna álagsverkja. Algjör óvinnufærni Sturlu eftir slysið er talin vera nálægt fjórir mánuðir, en ekki er miðað við þá sjö mánuði, sem liðu frá slysinu og þar til hann hóf núverandi fast starf.

Örorka Sturlu vegna slyssins er því metin sem hér segir:

Frá slysinu í 4 mánuði 100%.

Síðan varanleg örorka 5%.“

Í örorkumati Sigurðar Thorlacius segir m. a.:

„Við skoðun 9. 2. '93 voru hreyfingar í háls hrygg slasaða almennt óþægilegar, en einkum þó extension og snúningur höfuðs til hægri, en ferill allra hreyfinga var eðlilegur.

Fram komu veruleg þreifiefmsli í vöðvum á hálsi og herðum og í paravertebral vöðvum thoracalt vinstra megin. Það voru eðlilegir kraftar, reflexar og húðskyn í griplimum. Ekkert var athugavert að finna við skoðun á mjóbaki. Lasèque-prófið var neikvætt beggja vegna. Eðlilegar hreyfingar voru í vinstri mjöðm.

Ályktun:

Um er að ræða tuttugu og sjö ára gamlan mann, sem hlaut 22. 11. '90 slæman hálsnnykk í umferðarslysi. Eftir það hefur hann haft þráláta verki aftan í hálsi og milli hryggjar og vinstra herðablaðs, sem versna við ýmiss konar álag, og stundum einnig verki í vinstri mjöðm.

Við skoðun eru hreyfingar í háls hrygg óþægilegar, en hreyfiferill eðlilegur. Fram koma veruleg þreifiefmsli í aðlægum vöðvum og í paravertebral vöðvum thoracalt.

Hér er þannig um að ræða einkenni eftir slæman „whiplash“-áverka. Þótt nú séu liðin rúmlega tvö ár, frá því að slys þetta varð, hefur síður en svo dregið úr einkennunum, og er ekki að búast við umtalsverðum bata hér eftir.

Hinn 4. 11. '91 mat Jónas Hallgrímsson læknir varanlega örorku slasaða af völdum þessa slyss fimm prósent (5%). Ljóst er, að einkenni slasaða vegna þessa slyss eru nú verri en þegar fyrrgreint örorkumat fór fram. Er

því eðlilegt að endurmeta nú varanlega örorku slasaða af völdum slyssins, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Varanleg örorka 10%“.

Að kröfu stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. kvaddi Héraðsdómur Reykjavíkur þá Davíð Þór Björgvinsson dósent og Ísak G. Hallgrímsson, sérfræðing í orku- og endurhæfingarlækningum, til að meta fjárhagslega örorku stefnanda, er rakin verði til slyssins 22. nóvember 1990. Matsgerð þeirra er dagsett 9. júlí 1993, og segir þar m. a.:

„Starfsferill matsþola einkennist af því, að hann hefur á tiltölulega stuttri starfsævi unnið á fjölmörgum stöðum og þá venjulega stuttan tíma í senn. Um er að ræða störf, sem ekki krefjast sérstakrar faglegrar menntunar eða starfsreynslu og nokkur líkamleg áreynsla fylgir. Þegar matsþoli var spurður um ástæður tíðra skipta, kom í ljós, að í mörgum tilfellum hefði léleg ástundun átt þátt í því, að hann hætti, en hana hefði m. a. verið að rekja til áfengis- og hassneyslu. Hann hefði af þessum sökum mætt illa í vinnu, og hefði það valdið árekstrum við vinnuveitendur.

Í viðtali við matsþola kom fram, að hann hefur sætt dómum fyrir fíkniefnabrot.

...

Í viðtali við matsmenn kemur greinilega fram, að matsþoli hefur sjálfur átt við mikinn andlegan og félagslegan vanda að stríða um lengri tíma. . . .

. . . Matsþoli segir fíkn sína vera skýringu á slökum námsferli, og vegna hennar hafi hann misst af fjölmörgum störfum, þ. e. a. s. verið látinn hætta eða gefist upp sjálfur.

Af löngu viðtali matsmanna við matsþola og athugun á sjúkraskrár bæði frá heimilislækni hans og geðdeild Borgarspítala er greinilegt, að matsþoli hefur lent í ýmsum raunum, bæði til líkama og sálar. Hann leiðist snemma út í óreglu, og hann kveðst fyrst hafa orðið „fullur“ 12 ára. Hann segist hafa verið orðinn „drykkjubolti“ 17 ára gamall, en þó meiri „hassisti“. Hann hefur verið til meðferðar í Hlaðgerðarkoti og á sjúkrastöðinni Vog. Á geðdeild Borgarspítala er hann til meðferðar árið 1985 og er þá „greindur með persónuleikatrufnanir óskilgreindar og misnotkun á kannabis“. Matsþoli er aftur til meðferðar á Borgarspítala 1989, og segir í bréfi þaðan þá, að hann hafi „verið að misnota ýmsa vímuefna, meðal annars kannabis, áfengi og amfetamín“.

Í sjúkraskrár kemur enn fremur fram, að matsþoli braut stórutá og gat ekki stundað leikfimi um tíma árið 1980. Árið eftir meiddi hann sig á handarbaki, er grjótt féll á hann. Síðar það ár ók hann utan í vegg á mótorgjól, marðist á hnjám og hruflaðist. Eftir þetta gat hann ekki stundað sund

eða leikfimi um tíma vegna óþæginda. Um tíma kvartaði hann um höfuðverk, sem rakinn var til vöðvabólgu í hálsi og herðum, og enn slasast hann á mótorhjól og tognar þá mest á ökkla. Hann hefur leitað til heimilislæknis síns vegna bakverkja og óþæginda í hnjám auk fjölda annarra kvartana.

Í dagál heimilislæknis 9. júní 1986 segir m. a.: „Sturla hefur fundið fyrir óþægindum ofan til í baki upp undir vi. herðablaði. Er að vinna við að taka upp þunga sekki. Er með nokkuð dæmigerð vöðvaeymsli og vöðvabólgur á þessum stað.“

...

Forsendur matsmanna og mat.

Matsefni.

Í matsbeiðni eru lagðar eftirfarandi spurningar fyrir matsmenn: Í fyrsta lagi er spurt, hvort örorkumat sé tímabært. Ef svo verði talið, er í öðru lagi spurt, hvort matspoli hafi af völdum slyssins 22. nóvember 1990 orðið fyrir raunverulegri skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, er leiði til fjártjóns, þegar litið sé til menntunar hans, kunnáttu og þeirra kosta, er hann á til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt er að ætlast til, að hann starfi við, eða hver sé fjárhagsleg örorka matspola. Þá er spurt, hver fjárhagsleg örorka sé í hundradshlutum, ef um hana er að ræða á annað borð. Að síðustu er spurt, hvort önnur slys eða sjúkdómar eigi þátt í örorku matspola og þá í hvaða mæli.

Læknisfræðilegt mat á núverandi ástandi matspola.

...

Niðurstaða af skoðun matsmannsins Ísaks G. Hallgrímssonar á matspola og gögnum málsins er eftirfarandi:

Matspoli lenti í árekstri 22. nóvember sl. Samkvæmt lögregluskýrslu var áreksturinn mjög harður. Skemmdust báðar bifreiðar mikið. Læknisvottorð frá slysadeild Borgarspítala bera með sér, að matspoli hafi við áreksturinn fengið slink á háls. Bendir fyrsta skoðun til þess, að matspoli hafi tognað á hálsi. Almennt verður þó að telja, að einkenni matspola hafi verið fremur væg. Hann er talinn vinnufær frá 1. febrúar 1991. Matspoli fór að vinna á bónstöð 12. febrúar 1991, en hætti samdægurs vegna taks, sem hann fékk. Í júní 1991 hóf hann rekstur eigin bónstöðvar, þar sem hann vann sjálfur fullan vinnudag.

Matspoli lýsir ýmsum einkennum, aðallega óþægindum í baki. Skoðun, m. a. með röntgenmyndatöku, leiðir ekki í ljós nein objectiv einkenni samfara þeim óþægindum, sem matspoli lýsir. Læsingar, sem matspoli lýsir, eru algengar í nánast öllum hrygg. Þær koma oft, að því er virðist að tilefnislausu, en geta einnig komið í kjölfar áverka á hrygg. Þær ganga venjulega

fljótt yfir og án nokkurra eftirkasta og þurfa sjaldnast meira en stutta meðferð, ef nokkra.

Gögn þau, sem matsmenn hafa aflað, bera með sér, að matsþoli hefur átt við stoðkerfisvandamál að stríða fyrir slysið þrátt fyrir fullyrðingar hans um hið gagnstæða á fundi með matsmönnum.

Enda þótt matsþoli hafi fyrir slys kvartað um ýmis óþægindi frá stoðkerfi, hefur hann að öllum líkindum tognað við umferðaróhappið 22. nóvember 1990, eins og fyrr segir. Þótt tognunin verði að teljast væg og batahorfur almennt góðar, einkum þegar haft er í huga, að um er að ræða líkamlega vel á sig kominn ungan mann, verður að telja, að þau óþægindi, sem matsþoli kvartar nú um, sé að hluta að rekja til umrædds umferðarslyss. Hefur matsþoli hlotið væga læknisfræðilega örorku vegna slyssins.

Þegar matsmaðurinn Ísak G. Hallgrímsson skoðaði matsþola 7. maí sl., voru liðin tæplega 2½ ár frá umræddu slysi. Meðferð matsþola á slysadeild lauk 12. febrúar 1991. Hefur matsþoli ekki sætt frekari meðferð vegna slyssins eftir það. Ekkert er fram komið, sem bendir til þess, að líkamlegt ástand matsþola hafi breyst eftir það. Örorkumat er því tímabært. Í matsbeiðni er ekki spurt um það, hver læknisfræðileg örorka matsþola sé í hundraðshlutum.

Mat á fjárhagslegri örorku.

Í matsbeiðni er spurt, hvort matsþoli hafi af völdum slyssins 22. nóvember 1990 hlotið fjárhagslega örorku, og ef svo sé, hversu mikla.

Nánnar er spurt, hvort matsþoli hafi orðið fyrir raunverulegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna, er leiði til fjártjóns, þegar litið er til menntunar hans, starfskunnáttu og þeirra kosta, er hann á til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt er að ætlast til, að hann starfi við.

Í íslenskri réttarframkvæmd hefur við ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku lengst af verið stuðst við læknisfræðilegt örorkumat. Hefur við útreikning bóta verið miðað við, að ákveðnu örorkustigi fylgi sama hlutfallslega skerðing á aflahæfi. Í þessu felst, að litið er svo á, að læknisfræðilegri örorku fylgi samsvarandi fjárhagsleg örorka. Í matsbeiðni er hins vegar lagt fyrir matsmenn að meta, hvort slysið hafi eða muni í reynd hafa í för með sér fjárhagslega örorku og þá hverja.

Í íslenskum rétti er ekki að finna reglur, sem mæli fyrir um það, hvaða attriði skuli lögð til grundvallar mati á fjárhagslegri örorku. Matsmenn telja þó, að meginatriði í því sambandi sé að meta, hvaða áhrif áverkar hafi á getu matsþola til að gegna því starfi, sem hann var í, þegar slys bar að höndum. Þá þarf að meta, hvaða atvinnutækifæri eðlilegt sé að gera ráð fyr-

ir, að matsþola hefðu boðist fyrir slys, og hvaða atvinnutækifæri honum bjóðist eftir það. Til þess að unnt sé að gera slíkt mat, töldu matsmenn nauðsynlegt að afla sem gleggstra upplýsinga um persónulega hagi matsþola, menntun, starfsferil og laun fyrir og eftir slys.

Matsmenn leggja áherslu á, að mat á fjárhagslegri örorku er í aðalat-riðum í því fólgið að meta, hver áhrif slyss kunna að verða á tekjuöflun hins slasaða til frambúðar. Áhrif þessi kunna í sumum tilvikum að verða engin, en í öðrum geta þau birst í mörgum ólíkum myndum, svo sem þeim, að viðkomandi þurfi að skipta um starf, sem eftir atvikum kann að hafa í för með sér lækkun eða hækkun launa, minnkandi vinnuþreki, minnkandi yfirvinnu eða auknum leyfum frá störfum, breytingu á starfssviði o. s. frv. Mat á fjárhagslegri örorku getur því ekki byggst á öðru en forsendum, sem matsmenn telja eðlilegar og sanngjarnar, þegar litið er til persónulegra haga, heilsufars, menntunar, starfsferils og aldurs matsþola og annarra atvika, sem á mælikvarða almennrar skynsemi geta haft áhrif á slíkt mat. Ákvörðun á fjárhagslegri örorku í hundraðshlutum er samkvæmt framansögðu mikilli óvissu háð. Því er valinn sá kostur að meta hana á tilteknu bili, en taka síðan meðaltal þar af. Með því er jafnframt lögð áhersla á, að áhrif slyssins þurfa ekki alltaf að vera hin sömu, þar sem ýmist má gera ráð fyrir, að þau geti aukist eða eftir atvikum minnkað, þegar liður á starfsævi, allt eftir því, hvers eðlis meiðsl eru hverju sinni.

Við mat á því, hvort líklegt sé, að matsþoli hafi hlotið fjárhagslega örorku til frambúðar vegna slyss, er eðlilegt að athuga fyrst, hvort slysið hafi þegar haft áhrif á tekjuöflun hans. Til að kanna þetta óskuðu matsmenn eftir því, að matsþoli legði fram skattframtöl vegna tekna á tímabilinu 1986–1993. Þá óskuðu matsmenn eftir því, að matsþoli legði fram launa-seðla vegna tekna árið 1993. Fram kom, að matsþoli hafði ekki haft neinar vinnutekjur það, sem af var árinu 1993.

Upplýsingar þessar bera með sér, að launatekjur matsþola hafa öll þau ár, er þær taka til, verið stopular og litlar og raunar langt undir meðal-launum ófaglærðra verkamanna á sama tíma. Ástæður lágra launatekna eru margþættar, en verða að áliti matsmanna aðallega raktar til mikilla persónulegra og félagslegra vandamála, sem matsþoli á við að glíma, ásamt áfengis- og fíkniefnaneyslu. Greindi matsþoli m. a. svo frá, að hann hefði margsinnis sætt meðferð vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu og í fjórgang dómum fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni. Þá bera læknisfræðileg gögn með sér, að matsþoli hefur átt við geðræn vandamál að stríða og m. a. leitað til geðlæknis af þeim sökum. Kvað matsþoli sjálfur, að þessir þættir í fari sínu hefðu komið niður á störfum sínum og valdið árekstrum við vinnuveitend-

ur. Matsmenn telja, að þegar litið sé til þessara atriða, verði ekki dregnar neinar ályktanir af fyrirbyggjandi upplýsingum um áhrif slyssins sérstaklega á starfsorku matsþola. Hefur tekjuöflunarhæfi matsþola í reynd verið stórkostlega skert fyrir og eftir slys af ástæðum, sem eru því óviðkomandi.

Verður þá metið, hvort líklegt sé, að slysið eigi eftir að skerða starfsorku matsþola.

Matsþoli er 27 ára gamall. Menntun hans og starfsferill fram til þessa bera með sér, að hann hefur enn ekki markað sér framtíðarstarf. Þó verður að gera ráð fyrir, að matsþoli muni gegna launuðum störfum í einhverjum mæli. Þegar litið er til þeirrar menntunar, sem matsþoli hefur aflað sér, og þeirra starfa, sem hann hefur fram til þessa gegnt, þykir mega gera ráð fyrir, að um verði að ræða störf, sem gera svipaðar kröfur til starfsreynslu, verkunnáttu og líkamlegrar áreynslu og þau, sem matsþoli hefur fram til þessa gegnt.

Við mat á því, hvort slys það, sem matsþoli varð fyrir 22. nóvember 1990, muni skerða starfsorku hans, telja matsmenn, að hafa verði eftirtalin tvö atriði í huga:

1. Starfsorka matsþola hefur í reynd lengi verið stórlega skert, eins og upplýsingar um tekjur hans fyrir og eftir slys bera með sér. Ástæður þess eru langvinn félagsleg og sálræn vandamál, sem matsþoli á við að etja, ásamt misnotkun vímugjafa. Starfsorkuskerðing þessi er óviðkomandi slysi því, sem matsþoli varð fyrir 22. nóvember 1990. Af upplýsingum, sem matsmenn hafa aflað sér vegna mats þessa, telur matsmaðurinn Ísak G. Hallgrímsson, að matsþoli hafi ekki náð þeim tókum á félagslegum og sálrænum vandamálum sínum, að vænta megi mikilla breytinga í þeim efnum á næstunni. Því verður að telja, að rétt sé að búast við, að aðstæður matsþola að þessu leyti muni verða lítt eða ekki breyttar fyrst um sinn eða þar til matsþoli hefur náð betri tókum á þessum vandamálum.

2. Matsþoli hafði fyrir slys kvartað um óþægindi frá stoðkerfi. Í dagál lækni 9. júní 1986 er þessu nánar lýst þannig, að um sé að ræða óþægindi í baki og undir vinstra herðablaði. Matsmenn benda á, að þarna er að miklum hluta um að ræða sams konar óþægindi og matsþoli kvartar nú um og rekur til slyssins 22. nóvember 1990. Samkvæmt því er ljóst, að matsþoli átti að einhverju leyti við sambærilega erfiðleika að stríða fyrir slysið. Ekki er unnt að fortaka, að þessi óþægindi hefðu ein og sér getað skert starfsorku matsþola lítillega, þótt slysið 22. nóvember 1990 hefði ekki komið til.

Hér að framan er rakið það álit Ísaks G. Hallgrímssonar, að matsþoli hafi að öllum líkindum hlotið væga tognun við umferðaróhappið 22. nóvember. Telur matsmaður, að matsþoli hafi vegna áverka þeirra, er hann

varð fyrir í slysinu, hlotið væga læknisfræðilega örorku. Ekki verður fullyrt, að þessi meiðsl kunni ekki að hafa lítils háttar áhrif á starfsorku hans framvegis, t. d. þannig, að þau hafi áhrif á starfsval matsþola, hann þurfi að hlífa sér við einstök verkefni eða eftir atvikum draga úr vinnu. Við mat á því, hversu mikið það er, verður þó að hafa í huga, að batahorfur eru almennt góðar, þegar um slík meiðsl er að ræða, sérstaklega þegar um er að ræða unga menn og líkamlega vel á sig komna að öðru leyti, eins og í því tilviki, sem hér um ræðir. Þykir mega á framangreindum forsendum miða við, að starfsorkuskerðing muni hafa lítils háttar áhrif á tekjur hans framvegis. Telja matsmenn, að við það megi miða, að tekjuskerðing geti orðið á bilinu 0–3%.

Samkvæmt því, sem fram er komið, er það niðurstaða matsmanna, að fjárhagsleg örorka matsþola vegna slyss þess, er hann varð fyrir 22. nóvember 1990, teljist hæfilega metin til frambúðar að meðaltali 1,5%.

Matsmennirnir Ísak G. Hallgrímsson og Davíð Þór Björgvinsson staðfestu matsgerðina fyrir dómi og skýrðu nánar einstök atriði. Kom m. a. fram hjá matsmanninum Ísak, að hann hefði við matsgerðina komist að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að meta læknisfræðilega örorku stefnanda 5%.

III.

Stefnandi styður kröfur á hendur stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. við samning um slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar G-15050. Á hendur stefndu Guðbjörgu Ingólfssdóttur og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. er krafa stefnanda reist á því, að ökumaður G-27787 eigi sök á árekstri bifreiðanna, en stefnda Guðbjörg var skráður eigandi bifreiðarinnar, og hún var vátryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi svo í framhaldsstefnu:

Tímabundin örorka	kr.	372.600
Varanleg örorka (1.669.600 kr. að fráðregnum 15% vegna skatt- og eingreiðsluhagræðis 250.440 kr.)	–	1.419.160
Töpuð lífeyrisréttindi	–	100.200
Miskabætur	–	400.000

Samtals 2.291.960 kr. að fráðregnum innborgunum stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. (11. febrúar 1991 100.000 kr. og 26. mars 1991 120.000 kr.) nemur stefnufjárhæð 2.071.960 kr. Síðan dregur stefnandi frá greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins 256.850 kr.

Stefnandi styður kröfugerð sína því, að vinnutekjutap komi til með að verða í samræmi við örorkumat Sigurðar Thorlacius. Mótmælir hann mats-

gerð hinna dómkvöddu matsmanna og telur, að ekki sé ljóst, hvaða forsendur liggi að baki áætlunum þeirra. Þetta sé ekki matsgerð, heldur ágiskun. Kröfugerð segir hann byggða upp í samræmi við áratugadómvenju í skaðabótamálum vegna líkamstjóns.

IV.

Stefndi Vátryggingafélag Íslands mótmælir í fyrsta lagi kröfulið um bætur vegna tímabundinnar örorku. Það vinnutekjutap, sem stefnandi hafi orðið fyrir, hafi hann þegar fengið að fullu bætt. Þá mótmælir stefndi því, að hin metna læknisfræðilega örorka leiði til tekjuskerðingar í sama mæli. Líklegt sé, að örorka stefnanda leiði ekki til neinnar tekjuskerðingar. Vísar hann að fenginni matsgerð til hennar um vinnutekjutap stefnanda.

Miskabótakröfu er mótmælt sérstaklega sem of hárrí. Miski stefnanda sé óverulegur. Telur stefndi, að boð sitt um bætur, að fjárhæð 250.000 kr., sé síst of lágt.

Um örorkumat Sigurðar Thorlacius sérstaklega vísar stefndi til fram lagðrar matsgerðar. Þá sé mat Sigurðar stutt nákvæmlega sömu vottorðum og örorkumat Jónasar Hallgrímssonar. Fram komi í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, að óþægindi og eymsli megi að talsverðu leyti rekja til fyrri stoðkerfisvanda stefnanda.

Loks vísar þessi stefndi til þess, að tekjuöflunarhæfi stefnanda hafi verið stórlega skert fyrir slysið af ástæðum óviðkomandi því.

Þá er því mótmælt, að dráttarvextir verði reiknaðir fyrir en frá dómsuppkvaðningu.

Af hálfu stefndu Guðbjargar Ingólfssdóttur og Sjóvár-Almennra trygginga koma fram sömu málsástæður, orðaðar að nokkru á annan hátt. Sýnist ekki þörf á að fjalla frekar um þær.

V.

Það er meginregla í íslenskum skaðabótarétti, að bótaskyldur aðili skuli bæta tjónþola allt tjón hans. Frá þeirri reglu eru ekki undantekningar, sem skipta máli við úrlausn sakarefnis þessa máls. Við ákvörðun bóta fyrir varanlegt líkamstjón hefur læknisfræðilegt örorkumat verið haft til viðmiðunar um, hversu miklu tjónþoli muni tapa af framtíðartekjum sínum. Hins vegar hefur það ekki verið gildandi regla, að bætur skuli ákveðnar í hlutfalli við örorkumat. Víkið hefur verið frá matinu bæði til hækkunar og lækkunar eftir atvikum hverju sinni.

Í framkvæmd hefur örorkumat verið notað sem sönnunargagn um áhrif áverka á vinnugetu og þar með tekjuöflunarhæfi tjónþola. Að jafnaði hafa önnur sönnunargögn ekki verið færð fram um það efni. Þetta leiðir hins vegar ekki til þess, að örorkumat hafi að gildandi rétti fram til gildistöku

skaðabótalaga nr. 50/1993 verið einhvers konar löggilt sönnunargagn eða að reglan væri sú, að bætt skyldi í hlutfalli við læknisfræðilega örorku. Dómstólar hafa leitast við að gera sjálfstætt mat á hverju tilviki fyrir sig og þannig ákvarðað bætur í raun með hliðsjón af atvikum í hverju máli, en þó haft í huga hlutlægni og jafnræði.

Ljóst er, að í mati um framtíðartekjur getur ekki falist örugg ákvörðun, sem í allflestum tilfellum reynist vera rétt. Á það einkum við, þegar um er að ræða áverka, er ekki hindra tjónþola algerlega við fyrra starf sitt. Mætti vafalaust leiða að því líkur með rannsóknum, að örorkumat sé því sem næst aldrei nákvæmlega rétt að þessu leyti. Slíkar rannsóknir hafa ekki verið gerðar, svo að kunnugt sé.

Læknisfræðilegt örorkumat stendur á traustum fræðilegum grunni. Þó að það sé sagt, verður ekki fullyrt meira en svo, að það gefi almenna lýsingu á líkamsástandi viðkomandi, sé ekki nauðsynlega nein heimild um tekjuöflunarhæfi, eins og áður segir, án tillits til þess, hver á í hlut, menntunar viðkomandi, starfsreynslu og fleiri atriða. Hins vegar verður að líta til þess, að tilgangur matsins er einmitt að komast að niðurstöðu um það atriði, en mælikvarði þess er tiltölulega almennur og e. t. v. að einhverju leyti úreltur.

Matsgerð sú, sem aflað hefur verið í máli þessu, lýsir ekki, svo að heitið geti, þeim fræðilega grunni, sem niðurstaða hennar er reist á. Þá verður að líta til þess, að matsmenn voru lækniir annars vegar og lögfræðingur hins vegar. Viðurkenna verður hæfi lækna til að meta tekjuöflunarhæfi manna á forsendum fræðigreinar sinnar, en fullvíst er, að lagaþekking er ekki nauðsynleg forsenda slíks mats og bætir ekki að neinu leyti fræðilegan grundvöll að slíku mati. Er litið er til þessa, auk þess sem viðfangsefni matsgerðarinnar verður allt að því að teljast vera ágiskun, og jafnframt höfð hliðsjón af ákvæðum VI. og IX. kafla laga nr. 91/1991, verður matsgerð ekki lögð til grundvallar sem sönnunargagn um tekjutap stefnanda um ókomna tíð. Þá verður ekki séð, að ýmis af þeim atriðum, er matsmenn virðast byggja að einhverju leyti á, geti talist sönnuð í málinu, en matsgerð sýnist hvíla að einhverju leyti á ályktunum matsmanna um líkamlegt og sálrænt ástand stefnanda fyrir slysið. Gögn um það hafa ekki verið lögð fram í málinu.

Hins vegar er matsgerð háð þekkingu matsmanna á viðfangsefninu, og verður því að nokkru að hafa hliðsjón af niðurstöðu þeirra við ákvörðun bóta til stefnanda, en fara verður að mestu eftir örorkumati Sigurðar Thorlacius, sem fram hefur verið lagt í málinu. Hafa verður í huga, að bætur verða ákveðnar fyrir þau varanlegu mein, sem stefnandi hefur hlotið, ekki leyst úr því, hvernig reikna beri örorku stefnanda til stiga.

Sannað er með gögnum málsins, þ. á m. matsgerð hinna dómkvöddu

matsmanna, að áverkar stefnanda munu hamla honum að nokkru við launuð störf og aðra iðju um alla framtíð. Hvað sem líður hneigð stefnanda til notkunar vímugjafa, þykir verða að ákveða honum skaðabætur vegna áverka þessara á hefðbundinn hátt.

Svo sem sönnunaraðstöðu er háttað og að teknu tilliti til innborgana stefnda Vátryggingafélags Íslands hf., verða stefnanda ekki dæmdar bætur vegna tímabundinnar örorku.

Með hliðsjón af þeim örorkutjónsútreikningi, sem lagður hefur verið fram, lýsingum á áverkum og öðrum atriðum þykir rétt að ákveða í einu lagi bætur vegna varanlegrar örorku og tapaðra lífeyrisréttinda svo og miskabætur. Verða þessar bætur ákveðnar 1.000.000 kr., er dregin hefur verið frá greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins.

Rétt þykir að dæma dráttarvexti frá þingfestingardegi framhaldssakar. Að öðru leyti dæmast vextir svo sem í dómsorði greinir.

Stefndu verða dæmdir til greiðslu óskipt, en haldbær mótmæli við því hafa ekki komið fram. Málskostnaður ákveðst 260.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Vátryggingafélag Íslands hf., Guðbjörg Ingólfsdóttir og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Sturlu Hjartarsyni, óskipt 1.000.000 kr. með 2,5% ársvöxtum frá 22. nóvember 1990 til 1. janúar 1991, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1991, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar 1991, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 26. mars 1991, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1991, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1991, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1991, 4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1991, 3,75% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1991, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1991, 3% ársvöxtum frá þeim degi til 9. febrúar 1992, vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga frá þeim degi til 6. september 1993, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 6. september 1994.

Stefndu greiði stefnanda óskipt 260.000 kr. í málskostnað.